

Fundargerð fjármálaráðs BÍS 1/2016, mánudaginn 27. júní 2016 kl. 12:30
í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

Mættir:

Sonja Kjartansdóttir formaður fjármálaráðs, Andrea Margrét Gunnarsdóttir, Sigurgeir Bjartur Þórisson, Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri og Páll Árnason.

Fjarverandi: Guðfinnur Þór Pálsson og Kristinn Ólafsson.

Dagskrá:

- 1) SK bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.
- 2) Farið er yfir samanburð á áætlunum og rauntölum fyrir fyrstu 5 mánuði ársins vegna Þjóðþrifa og Landsmóts 2016 og fyrir fyrstu 4 mánuði ársins vegna BÍS. Þá er farið yfir samanburðartölur fyrir Skátabúðina vegna fyrstu 5 mánaða árána 2015 og 2016. Allar rauntölur eru settar fram með þeim fyrirvara að hugsanlega séu enn ófærðar tölur bæði tekju- og gjalda- megin í bókhaldi.
Fram kemur að **Þjóðþrif** kemur vel út og stenst vel áætlun hvað hagnað varðar. Greint er frá því að félagið hefur fengið uppsögn á leigusamningi að Keilugranda og þarf því að leita leiða varðandi nýtt húsnæði.
Raunhæfar tölur vegna **Skátabúðar** liggja ekki fyrir fyrr en að loknu Landsmóti. Fram kemur að félagið hefur fjárfest í þremur risatjöldum.
Allt stefnir í að afkoma **Landsmóts 2016** verði í jafnvægi, þrátt fyrir að talsvert hafi dregið úr þátttöku.
Afkoma **BÍS** ræðst að stórum hluta af afkomu dótturfélaga og því varla raunhæft að skoða þær tölur fyrr en að loknu Landsmóti 2016.
- 3) Gerð er sérstaklega grein fyrir framlagi úr Landsmótssjóði og þeim framkvæmdum að Úlfljótsvatni sem framlagið fer í að fjármagna. Helstu framkvæmdir eru 1100 fermetra malbikað plan við þjónustumiðstöð, ljósleiðari og kaup á viðbót við rafmagnstöflur á svæðinu. Ljóst er að BÍS þarf að koma að fjármögnum framkvæmda.
- 4) HS viðrar hugmynd um hugsanlegt samstarf við Norðurljósa-hljómtæki ehf., sem myndi snúast um útleigu á hljómflytningubúnaði BÍS o.fl. AMG og PÁ skoði málið og skili greinargerð um möguleika á samstarfi.
- 5) Umræða um tíðni funda ráðsins og hentugan fundartíma. Talað um að hafa fundi á þriggja mánaða fresti en kalla saman fundi þar á milli eftir þörfum. Rætt um að hentugt væri að hafa fundi frekar fyrri hluta mánaðar og að hugsanlega gætu hádegisfundir hentað. Fyrirkomulag funda verði ákveðið á næsta fundi. Stefnt að því að halda næsta fund að loknu Landsmóti 2016.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.13:45.

Fundargerð ritaði PÁ